



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri

Efni tillögu:

Lagt er til að samþykkt verði tillaga styrkjanefndar velferðarráðs um að úthlutað verði viðbótarstyrk til Hjálparstofnunar kirkjunnar 500.000 kr.

Greinargerð:

Styrkjapottur velferðaráðs fyrir árið 2019 hljóðaði upp á 138.531.894 kr. Samtals var úthlutað 134.600.000 kr. og voru því eftirstöðvar 3.931.894 kr.

Forsvarsmenn Minningasjóðs Einars Darra skiluðu styrk sem þau fengu vegna þjóðfundar sem var grundvöllur styrkveitingarinnar, en styrkurinn hljóðaði upp á 9.000.000 kr. Þann 13. nóvember samþykkti velferðarráðs að veita Foreldrahúsi – Vímulausri æsku 3.000.000 kr. viðbótarstyrk. Eftirstöðvar til styrkveitinga fyrir árið 2019 eru því samtals 9.931.894 kr.

Þann 23. janúar 2019 samþykkti velferðarráð Reykjavíkurborgar að veita Hjálparstofnun kirkjunnar þjónustusamning til þriggja ára, 2.000.000 kr. ár hvert, vegna verkefnisins „Út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar – hjálp til sjálfshjálpar.“ Samningurinn gildir til 31. desember 2021. Markmið samningsins er að styðja og styrkja ráðgjafarstarf til fólks sem leitar eftir stuðningi til Hjálparstarfs kirkjunnar. Áhersla er lögð á valdeflingu og virka þátttöku í samfélaginu. Með samningnum stuðlar Reykjavíkurborg að því að þjónustuþegum í hópi fólks sem býr við fátækt og félagslega einangrun verði skapað tækifæri til að auka lífsgæði sín, til dæmis með sjálfstyrkingar- og færninámskeið fyrir konur sem eru utan vinnumarkaðar.

Í grein 4.2 í styrkjahandbók Reykjavíkur er kveðið á um að ráðinu sé heimilt að halda eftir 5% samþykkrar heildarupphæðar styrkja til að bregðast við umsóknum sem berast utan auglýsts umsóknartímabils, enda sé um að ræða umsóknir vegna atburða eða verkefna sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkjaúthlutunar. Þar kemur einnig fram að ef sérstakar málefnalegar aðstæður liggi fyrir sé heimilt að halda allt að 10% samþykkrar heildarupphæðar. Á grundvelli þess ákvæðis er lagt til að styrkurinn verði veittur.

Fylgiskjal:

Umsókn Hjálparstarfs kirkjunnar um styrk úr Borgarsjóði fyrir árið 2019.